

Nd.

483. Breytingartillögur

[174. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 5. gr. Á eftir orðinu „lax“ í greininni bætist: og silungur.
2. Við 7. gr.
 - a. Í 1. málsg. á eftir orðunum „verði talin hætt á þverrandi fiskistofni í fiskhverfinu“ komi: eða til jöfnunar fiskgengd í því vatni.
 - b. 3. málsg. orðist svo:

Ráðherra er rétt, eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, að leyfa veiðifélagi að veiða lax til flutnings á hrygningarstaði. Einnig getur hann leyft, eftir tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, veiðifélagi að veiða göngulax og flytja hann upp fyrir ólaxgenga fossa eða mannvirki, er hindra fiskför um vötn. Kostnað, er af þessu leiðir, má greiða úr fiskræktar-sjóði að $\frac{1}{3}$ hluta.
3. Við 11. gr. Aftan við greinina bætist:
 4. málsg. 27. gr. laganna (sem verður 5. málsg.) orðist svo:

Eigi má fjölga lögnum frá því, sem verið hefur síðustu 5 ár fyrir gildistöku laga þessara. Nú er breytt um veiðiaðferðir og veiði með föslum veiðivélum tekin upp, og skal þá heimilt að nota gamlar lagnir, sem löglegar teljast samkvæmt ákvæðum þessara laga. Einnig er það heimilt, ef veiði hefur ekki verið stunduð um ákveðið árabil, en er tekin upp aftur, eða ef veiði er tekin upp í vatni, þar sem ræktun hefur farið fram, þótt eigi hafi þar áður verið veitt.
4. Við 19. gr. Orðin „eyðing sels og annars veiðivargs“ í 2. málsg. falli niður.
5. Við 20. gr. Fyrir orðin „er staðsett“ í d-lið komi: og.
6. Við 29. gr. Orðið „fylgifé“ falli niður úr greininni, en í staðinn komi: til.
7. Við 34. gr. Í stað orðanna „Hverjum manni er skylt“ í upphafi greinarinnar komi: Skylt er.
8. Við 37. gr. Orðin „þá er fé verður til þess veitt á fjárlögum“ í 2. málsg. falli burt.
9. Við 45. gr. Greinin orðist svo:
 - a. 1. málsg. 83. gr. (áður 98. gr.) orðist svo:

Nú eru friðlýst eða arðgæf selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær ósi vatns, er lax eða göngusilungur fer um, en 7 km, og getur þá ráðherra ófriðað þau eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, enda sýni mat, að arður af laxveiði eða göngusilungs í ánni sé meiri en arður af selveiði.
 - b. Upphaf 2. málsg. sömu greinar orðist svo:

Nú eru friðlýst eða arðgæf selalátur eða selalagnir í veiðivatni o. s. frv.
10. Við 51. gr. Stafliður d í 1. málsg. orðist svo:

3‰ af óskirum tekjum vatnsaflsstöðva í landinu, sem selja orku til almennings.
11. Við 52. gr. 2. töluliður síðari málsg. orðist svo:

Klakhús og eldisstöðvar.